



Skipulag í

1 0 0 ár

Skipulag fyrir nýja tíma

New European Bauhaus

Stafrænt skipulag

Forsamráð og samþætting
umhverfismats og skipulags

Skipulagsglugginn
á Akureyri

Skipulag fyrir nýja tíma


Í ár er liðin öld frá því fyrstu skipulagslögin voru sett. Við þau skipulagslegu alda-hvörf höfum við ekki eingöngu viljað líta yfir farinn veg heldur ekki síður að horfa til framtíðar. Í greinaröð í tilefni afmælis-ársins, sem birst hefur á Kjarnanum og vef Skipulagsstofnunar undanfarna mánuði, hefur fag-fólk og hugsuðir úr ólíkum áttum lagt okkur lið í að draga fram hver lykkillinn er að góðri byggð og skipulagi. Skipulagsdagurinn 2021 er einnig helgaður þessu þema, undir yfirskriftinni *Skipulag fyrir nýja tíma*.

Farsæl tók á skipulagsmálum eru háð mörgum breytum. Meðal þeirra helstu eru sjálft skipulagskerfið sem mælt er fyrir um í skipulagslögum og -reglugerð og segir til um hverjir fara með ábyrgð á skipulagsmálum, með hverskonar stjórn-tækjum og hvernig að mótun skipulagsákvæðana er staðið. En skipulagskerfið og stjórn-tækin ná litlum slagkrafti ef ekki er til staðar faglegur styrkur og færni í skipulagsgerð og borgarhönnun, jafnt hjá opinberum aðilum sem ráðgjöfum og hönnuðum. Þá skiptir einnig öllu fyrir farsæla framkvæmd skipulagsmála að fór ráði skýr pólitísk sýn og áherslur valdhafa hverju sinni. Að endingu skiptir upplýst og vönduð sam-félagsumræða og fjölmiðlun miklu fyrir farsæla mótun byggðar. Nú sem aldrei fyrr skiptir okkur miklu að búa vel í haginn með alla þessa þætti, því skipulags-öldin framundan felur í senn í sér snúna áskoranir og ný tækifæri sem við þurfum að geta höndlað með sem allra best við mótun byggðar og landnýtingar 21. aldarinnar.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir
forstjóri

Stafrænt aðalskipulag

Gagnalýsing og leiðbeiningar um hvernig er unnið



Dæmi sem sýnir hvernig upplýsingar og skipulagsákvæði um hvern landnotkunarréit eru sett fram í töflu sem er tengd skipulagsuppdrættinum í stafrænu aðalskipulagi.

Skipulagsgerð er líkt og flest annað á hraðri stafrænni vegferð. Samkvæmt skipulagslögum skal vinna skipulag á stafrænu formi og skila þannig til Skipulagsstofnunar. Ákvæði skipulagslaga taka gildi í áföngum. Kröfur um stafrænt aðal- og svæðisskipulag hafa þegar tekið gildi, en kröfur um gerð stafræns deiliskipulags miða við áramótin 2024–2025.

Stafrænt skipulag felur í sér að skipulagsuppdrættir eru unnir í land-upplýsingakerfi þar sem stefna og skipulagsákvæði sem uppdrátturinn endurspeglar eru vistuð í töflu sem tengd er afmörkun á uppdrættinum. Þetta felur í sér nýjar aðferðir við gerð skipulagsuppdráttar sem skipulags ráðgjafar og -hönnuðir þurfa að til-einka sér. Til að tryggja samræmd vinnubrögð og farsæla innleiðingu staf-ræns skipulags hefur Skipulagsstofnun gefið út gagnalýsingu og leiðbeiningar um gerð stafræns aðalskipulags.

Gagnalýsing

Gagnalýsing um stafrænt aðalskipulag má segja að sé nokkurskonar staðall þar sem lýst er þeim kröfum sem gerðar eru til tilhögunar gagna og upplýsinga í stafrænu aðalskipulagi. Tilgangur hennar er að upplýsa alla notendur um innihald gagna í stafrænu aðalskipulagi, jafnt þá sem koma til með að vinna að aðalskipulagi, þá sem munu skoða gögnin í vefsíðu, þegar þau verða gerð aðgengileg á netinu,

og einnig þá sem koma til með að hlaða gögnum niður til að nýta þau við ýmsar greiningar á landnotkun, kortagerð og fleira.

Leiðbeiningar

Auk gagnalýsingar hafa verið gefnar út leiðbeiningar um gerð stafræns aðalskipulags sem eru fyrst og fremst ætlaðar þeim sem koma að gerð aðal-skipulags, svo sem skipulagsfulltrúum sveitarfélaga og skipulagsráðgjöfum. Í leiðbeiningunum er fjallað um hvað felst í gerð stafræns aðalskipulags og farið ítarlega yfir efni gagna-lýsingar og hvernig gögn stafræns aðalskipulags eru unnin.

Miðlun stafræns aðalskipulags

Með því að vinna aðalskipulag á samræmdan, stafrænan hátt og hýsa gögnin í miðlægum gagnagrunni fæst betra utanumhald um skipulagsgögnin auk þess sem gæði og notagildi þeirra eykst til muna. Þegar aðalskipulag allra sveitarfélaga verður komið á samræmt stafrænt form fæst heildaryfirsýn yfir skipulagsákvæðanir fyrir landið allt, óháð sveitarfélagamörkum.

Fyrst um sinn verða stafrænir aðal-skipulagsgrunnar sem berast Skipu-lagsstofnun aðgengilegir í Skipulags-vefsíðu Skipulagsstofnunar, en fyrir-hugað er að gera stafrænt aðalskipulag aðgengilegt til skoðunar og niðurhals á gagnvirknan hátt í sérstakri vefsíðu.

New European Bauhaus

Í sviðsljósinu á Skipulagsdeginum 2021

Skipulag byggðar og uppbygging húsnæðis um alla Evrópu verði sjálfbær, nýti nýjustu tækni og verði á forsendum fólks. Skipulag og uppbygging taki tillit til aðstæðna, ýti undir vellíðan og jafnrétti og tryggi jafnt aðgengi allra að lífsgæðum. En það er ekki allt og sumt. Einnig skal hafa fagurfræði bygginga og umhverfis að leiðarljósi. Um þetta snýst New European Bauhaus, átak Evrópusambandsins um þróun hins byggða umhverfis sem verður í sviðsljósinu á Skipulagsdeginum 2021 en þar verður Ruth Reichstein, ráðgjafi forseta framkvæmdastjórnar ESB, meðal frummælenda og segir frá áttakinu.

Verkefni vonar

Fyrir rétt rúmu ári síðan, í október 2020, kynnti Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar ESB, New European Bauhaus átakið. New European Bauhaus átakið tengist stefnu ESB í umhverfis- og loftslagsmálum, The European Green Deal, sem er ætlað að hraða orkuskiptum og efla hringrásarhagkerfið og sjálfbærni í Evrópu og víðar. Von der Leyen kynnti New European Bauhaus sem verkefni vonar, eða orðrétt „a project of hope“.

Kallast á við fortíðina

Yfirskrift og áherslur New European Bauhaus hefur skírskotun til hugmyndafræði hins þekktu Bauhaus-lista-háskóla sem var stofnaður í Weimar í Þýskalandi árið 1919 og starfræktur til ársins 1933. Í stefnuyfirlýsingu



skólans, sem var samin af stofnandanum, arkitektinum Walter Gropius, kemur fram að tilgangur hans var að list- og iðnmenntun gengju í eina sæng, að tengsl milli byggingarlistar, myndlistar og iðngreina yrðu aukin og endurheimt geta til að byggja. Lokatakmarkið er ávallt byggingin, sagði Gropius.

Hugmyndafræði hins nýja Bauhaus-átaks kallast þannig á við þá Bauhausstefnu sem lögð var til grundvallar við enduruppbyggingu Evrópu fyrir rétt rúmri öld síðan. Markmiðið var þá líkt og nú að tryggja öllum vandað og fallegt húsnæði og byggt umhverfi og aðgengi að helstu lífsgæðum, listum, afþreyingu og góðum samgöngum. Allt þetta á enn við í dag þótt undirróttin sé um margt ólík. Fyrir 100 árum þurfti að bregðast við húsnæðisvanda í kjölfar iðnbyltingar og afleiðingum heimsstyrjaldar sem skekið hafði álfuna. Í dag eru aðstæður aðrar en ekki síður aðkallandi. Bregðast þarf við loftslagsvandinum og finna leiðir til að takmarka vistspor okkar sem allra mest. Þar liggja mikil tækifæri í sjálfbærari byggða- og samgönguþróun, uppbyggingu húsnæðis og lífsstíl.

Þarf að virka fyrir alla

Xavier Troussard starfar sem yfirmaður starfshóps um New European Bauhaus hjá framkvæmdastjórn ESB. Í samtali við Mobility Lab í júní 2021 segir hann að stefnan snúist vissulega um mikilvægi hringrásarhagkerfis og aukinnar sjálfbærni, en einnig um samfélagið og að allir tilheyri samfélaginu. New European Bauhaus snúist um að

menning, vísindi, listir og tækni vinni saman að því að skapa og hvetja til betri lífshátta í sátt og samlyndi við umhverfið. Þar sé ein mikilvægasta stoðin jafnrétti til húsnæðis sem og aðgengi að góðum samgöngum óháð ferðamáta og efna-hag. En hvernig verkefni leiðir New European Bauhaus átakið af sér? „Verkefnin eru alls konar. Hvers konar verkefni sem hjálpa okkur til að gera aðstæður fólks betri og sjálfbærari.“

Fyrsti áfangi New European Bauhaus átaksins stóð yfir fram á sumar 2021. Í honum var safnað hugmyndum að verkefnum sem endurspeglar og vinna með áherslur átaksins. Síðan hafa verkefni verið verðlaunuð í mismunandi flokkum sem hljóta frekari framgang, bæði fjárstuðning og ráðgjöf. Verkefnin snúa meðal annars að sjálfbærum byggingum, grænmetisæktun í borg, húsnæði fyrir heimilislausu, aðgengislausnum í úthverfum, sjálfbærum ofanvatnslausnum og eiga það sameiginlegt að hafa að markmiði að bæta byggt umhverfi og aðstæður Evrópubúa. „En á sama tíma og við erum að útfæra þær hugmyndir sem þegar hafa borist viljum við bæta tengslanet okkar og leita út fyrir álfuna, við viljum ná betra sambandi við alþjóðlega samstarfsaðila og sjá verkefnið dafna og verða það umbreytingaraffl sem það hefur alla burði til að verða.“

Nánari upplýsingar um New European Bauhaus verkefnið ná nálgast á [vef framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins](#).

Forsamráð og samþætting umhverfismats og skipulags

Ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana tóku gildi í september síðastliðnum. Meðal nýmæla í þeim eru ákvæði um svokallað forsamráð, sem er hugsað sem vettvangur Skipulagsstofnunar, framkvæmdaraðila, sveitarfélags og annarra leyfisveitenda til að ræða og undirbúa fyrirhugað umhverfismatsferli framkvæmdar hverju sinni. Forsamráði er ætlað að fara fram snemma í undirbúningi framkvæmdar, áður en framkvæmdaraðili leggur fram matsáætlun.

Markmið með forsamráði eru að stuðla að samræmdu og skilvirku ferli umhverfismats framkvæmdar,

skipulagsgerðar og leyfisveitinga og að greiða fyrir miðlun upplýsinga milli framkvæmdaraðila og stjórnvalda og almennings. Einnig að stuðla að gæðum rannsókna og gagna við umhverfismat framkvæmda.

Í nýju lögunum er áhersla á að samþætta umhverfismat framkvæmda og skipulagsgerð, þegar við á. Slík samþætting getur verið til þess fallin að auka skilvirkni og stytta ferli við undirbúning framkvæmda. Samþætting getur falið í sér einfaldara samráðsferli þegar gögn um tiltekna framkvæmd og umhverfismat hennar eru kynnt samhliða skipulags-

tillögum sem varða framkvæmdina. Almennigur og umsagnaraðilar geta þá haft tækifæri til fá betri yfirsýn yfir fyrirhugaða framkvæmd og skipulagsgerð vegna hennar, um leið og þeim gefst tækifæri til að fjalla um hvort tveggja á sama tímapunkti og í einni og sömu umsögninni.

Meðal atriða sem tekin er afstaða til í forsamráði er hvort samþætta skuli málsmeðferð umhverfismats framkvæmdar og skipulagsgerðar. Þá nýtist forsamráð til að ræða strax á frumstigi ýmsar áherslur í umhverfismatinu, til dæmis um hvaða umhverfisþætti verði helst fjallað, hvaða valkostir verði umhverfismetrn og hvernig best sé að standa að kynningu og samráði gagnvart hagsmunaaðilum og almenningi.

Skipulagsglugginn

Áhugaverð skipulagsverkefni

Stígar í vetrarbæ

Skipulagsglugginn opnast að þessu sinni á Akureyri. Í ársbyrjun var staðfest breyting á aðalskipulagi sem felur í sér nýtt heildarskipulag fyrir stígakerfi bæjarfélagsins. Markmiðið er að gera Akureyringum kleift að nota göngu- og hjólastíga allt árið.

„Það má segja að við séum að elta þessa breytingu,“ segir Pétur Ingi Haraldsson, sviðsstjóri skipulagssviðs Akureyrarbæjar. „Það var erfitt áður fyrr að fá fólk til að hjóla á Akureyri og ástæðan var fyrst og fremst brekkan. Nú hefur orðið alger sprenging í fjölda rafhjóla í bænum og brekkan því ekki lengur fyrirstaða.“ Fleiri gangandi og hjólandi vegfarendur kalli á betri innviði og meiri þjónustu. „Við höfum verið að bæta í vetrarþjónustu, enda glíum við almennt við meira fannfergi hér en fyrir sunnan. Við ryðjum fleiri leiðir og með nýju stofnkerfi hjóla- og göngustíga verða aðstæður enn betri. Það skilar

sér í fleiri notendum, sem þýðir að færri aka bíl og um leið verða loftgæði og hljóðvist mun betri. Það er bæði lífsgæðaatriði en einnig öryggisatriði fyrir okkur.“

Undir þetta tekur Anna Kristin Guðmundsdóttir, landslagsarkitekt hjá Teiknistofu Norðurlands, sem kom að skipulagsvinnunni. „Áætlunin setur gangandi vegfarendur í forgang og sýnir hvernig umferð gangandi og hjólandi vegfarenda verður aðskilin með sérstökum tvístefnu hjólastígum í framtíðinni. Meginmarkmið skipulagsins er að á Akureyri verði byggt upp öruggt, heilsusamlegt og aðlaðandi stígakerfi sem gerir íbúum kleift að nýta vistvæna ferðamáta fyrir ferðir sínar til vinnu, daglegra erinda og fyrir frístundir allan ársins hring.“

[Sjá nánar í Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar.](#)

